

Eftirlitsnefnd með
fjármálum sveitarfélaga

EFS

Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
Sölvhólgötu 7, 150 Reykjavík

Reykjavík 17. október 2019

Tilv.: SRN19010041/4.11.3

Efni: Ársreikningur 2018

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur móttakið ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2018. Samkvæmt rekstrarreikningi árið 2018 er rekstrarniðurstaða A-hluta neikvæð um 384 mkr. og fyrir A- og B- hluta jákvæð um 377 mkr. Litið til jafnvægisreglu sveitarstjórnarlaga er samanlögð rekstrarniðurstaða ársins 2018 og fjárhagsáætlana áráanna 2019 og 2020 jákvæð um 2.270 mkr. fyrir A- og B-hluta.

Samkvæmt ársreikningi 2018 er skuldaviðmið sveitarfélagsins 78% og því innan við 150% skuldaviðmið skuldareglu sveitarstjórnarlaga.

Þrátt fyrir að sveitarfélagið standist jafnvægisreglu og skuldareglu sveitarstjórnarlaga telur eftirlitsnefndin rétt að óska eftir nánari upplýsingum um fjármálin þar sem rekstrarniðurstaða A-hluta er neikvæð árið 2018. Óskað er eftir upplýsingum um megin ástæður fyrir neikvæðri rekstrarafkomu á árinu 2018 umfram fjárhagsáætlun ásamt horfum í rekstri fyrir árið 2019.

Óskað er eftir því svör berist nefndinni eigi síðar en 30 dögum eftir dagsetningu bréfs þessa.

Fyrir hönd eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga


Eiríkur Benónýsson